

Myndlistarmaðurinn **Kristín Reynisdóttir** (f. 1961) stundaði nám sitt fyrst við Myndlista- og handíðaskóla Íslands (1983-1987) og síðan við Staatliche Kunstakademie Düsseldorf í Þýskalandi (1987-1989). Verk Kristínar Reynisdóttur einkennast af sambærilegum jafnvægisgangi á milli hins finlega, margræða, gegnsæja og viðkvæma, og sterkra tiffinna og sannfæringarkrafts, eins og sjá má af heitum sérsýninga hennar allt frá upphafi: Strengir, Viðkoma, Ferðalag, Fellingar og Til staðar. Hin síðari ár hefur Kristín tengst öðrum myndlistarmönnum með snertiflöt við Norðurlöndin og hafið næst löndum Norður-Evrópu, sem sett hafa upp samsýningar á grundvelli listrænnar sköpunar með grunn í heimspekilegri afstöðu til tilvistarlegra skilyrða lífs á norrænum slóðum. Meðal verka hennar á þeim vettvangi eru I Vesterveg - Netja og Red Snow - Ice in Motion, sýningar sem ferðast hafa víða um norðurhara veraldar, auk Behind the North Wind - Hjarta í Bonhoga Gallery á Hjalteyri og Hverfing - Hryggjarsúla í Verksmiðjunni á Hjalteyri. Verk Kristínar eru gjarnan innsetningar í rými, sem gera hvort tveggja: að ávarpa þann sérstaka stað sem þau eru sett inn í og velta upp sammannlegum þáttum með tilvísanir í upplifanir og tilfinningar. Kristín velur hráefnið í verk sín með tilliti til merkingarberandi eiginleika þeirra. Þannig hefur hún unnið með jafn ólík efni og plexigler og tré, plastefni í sterkum lit og netju (lífhimnu) úr kind, auk þess að spila með dagsbirtuna, skuggavarp og myrkur sem meðleikara í myndbirtingu og upplifun verka sinna.

Kristín Reynisdóttir (b. 1961) studied 1983-87 at the Icelandic School of Arts and Crafts (forerunner of the Icelandic Academy of the Arts), then at Staatliche Kunstakademie Düsseldorf in Germany 1987-1989. Her works are characterised by an equilibrium between the delicate, the enigmatic, the transparent and the fragile on the one hand, and on the other powerful emotion and persuasiveness, as witness the titles of her shows from the outset: *Strings*, *Contact*, *Travel*, *Folds* and *I Am Here*. In recent years Kristín has established links with other artists whose common ground is the Nordic countries and the ocean bordering the countries of northern Europe, who have held group exhibitions on the basis of artistic creation based in a philosophical perspective on the existential conditions of life in northern climes. Her works in that context include *Travel West – Caul* and *Red Snow – Ice in Motion*: exhibitions which have travelled widely in the northern region; and also *Behind the North Wind – Hearts in Bonhoga Gallery*, *Shetland*, and *Shapeshifting – Vertebral Column in the Factory* at Hjalteyri, north Iceland. Kristín's works are often installations in spaces, which both address the specific site and consider collective human factors with reference to experiences and emotions. Kristín selects the materials for her works by reference to their capacity to convey meaning. She has thus worked with such diverse materials as plexiglas and wood, brightly-coloured plastics and a sheep's caul (amniotic membrane), while also working with daylight, shade and darkness as fellow-actors in the manifestation and perception of her art.

Guja Dögg Hauksdóttir



KRISTÍN REYNISDÓTTIR

Einkasýningar / Private exhibitions

- 2014 **Víddir**. Týs gallery Týsgötu, Ísland
- 2010 **Orka**. ArtMemBranes Kunstlerhaus Lukas, Þýskaland
- 2008 **Qualia**. ArtMemBranes, innsetning StartArt Rvk Ísland
- 2008 **Corpora**. Kisuberjatréinu Reykjavík Ísland
- 2005 **Yfirborð**. Listasafn ASI, Ísland
- 2004 **Róla**. Dale Biennale nkd, Dale í Sunnfjord, Noregur
- 2004 **Við og hinir**. Galleri Sævars Karls, Ísland
- 2004 **Ég Við og Hinir**. Galleri+, Akureyri, Ísland
- 2001 **Fellingar**. Kvennasögusafn Íslands, Ísland
- 2000 **Á Seyði**. Seyðisfjarðarskóli, Ísland
- 1996 **Rythmi**. Ráðhús Reykjavíkur, Ísland
- 1996 **Litir**. Oulu Culture Center Finnland
- 1996 **Líkamspartar**. Á næstu grösum, Ísland
- 1995 **Orð**. Gallery 20 11 66, St Olafs plads, Oslo, Noregur
- 1991 **Ferðalag**. Ljósheimar Félagsheimili, Skagafirði, Ísland
- 1990 **Viðkoma**. Nýlistasafnið, Ísland
- 1987 **Strengir**. Hafnargallerí, Ísland

Samsýningar / Group exhibitions

- 2017 **Behind the North Wind**. Bonhoga Gallery Shetland
- 2017 **Hverfing**/ Shapeshifting II. Veksmiðjan Hjalteyri
- 2017 **Umhverfing**/ Shapeshifting Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks Ísland
- 2016 **"Tura ya Moya"** Katuaq Greenland
- 2016 **"Rífa Kjaft"** Verksmiðjan Hjalteyri Iceland
- 2014-15-16 **"Red snow"** Grönlands Kulterhus Katuaq Greenland, North Atlantic House Kaupmannahöfn Denmark. Norrænahúsið Íslandi, Norrænahúsið Færeyjum.
- 2014 **A posteriori: House**, Sculpture. Listasafn Reykjavíkur, Ásmundarsafn.
- 2014 **Undir berum himni**.
- 2012 **INDEPENDENT PEOPLE / „SJÁLFSTÆTT FÓLK"** Listasafn Íslands
- 2010-2011 **"I Vesterveg"** Travel Vest.
- 2008 **Qualia**. StartArt Laugavegur 12b Reykjavík Ísland
- 2008 **Fræðalist**, Hoffmannsgalleri, Reykjavík Akadademían Ísland
- 2007 **Alien Structure in Urban landscape**.
- 2005 **Myndhöggvarafélagið í Reykjavík**, Hafnarborg. Hafnafjörður Ísland.
- 2005 **Gullkistan 2005**. Laugavatn, Ísland.
- 2005 **Ljósmyndasýning**. Hoffmannsgalerí, Reykjavík Akademían, Ísland.
- 2004 **Northern Fiber V**. Kjarvalstaðir, Ísland
- 2002 **Making Nature. Sýningaröð**, 2002 Österreichische Galerie Belvedere, Vín, Austurríki.
- 2002 **Nikolaj kirkja**, Kaupmannahöfn, Danmörk. 2001 Edsvik, Stokkhólmur, Svíþjóð
- 2001 **Flogið yfir Heklu**. Kjarvalsstaðir, Reykjavík, Ísland
- 1999 **Haf**. Tromsø Kunstforening, Tromsø, Noregur
- 1997 **Portmyndir**. Sýning 12 listamanna við Laugaveg, Reykjavík, Ísland

kristinreynis.net / <http://this.is/kristin> / e-mail ksr@mi.is

Sýningarstjóri / Curator: Rósa Gísladóttir

KRISTÍN REYNISDÓTTIR

SYNJUN / REFUSAL



25. febrúar - 13. maí 2018

LISTVINAFAÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 36. STARFSÁR
THE HALLGRÍMSKIRKJA FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY 36TH SEASON

listvinafelag.is

SYNJUN

Kristín Reynisdóttir í forrými Hallgrímskirkju, 2018

Í verkinu *Synjun*, sem sett er upp í forrými Hallgrímskirkju nú á nýhafinni Góu, vinnur Kristín með við, sem fenginn er úr ruslakompu trésmiðju og ber því á táknrænan hátt tilvísun í tilvistarlega stöðu flóttamanna, sem eru afgangs og aflóga á flótta sínum frá styrjöldum í heiminum. Viðurinn er í formi fínlegra og viðkvæmra lista af ýmsum tegundum trjáa, bæði harðvið og mjúkum við, dökku tré og ljósu, sem átt hefur rætur og vaxið hefur á ólíkum stöðum og við ólík skilyrði, en hefur á þessum tímapunkti skilað sér upp á Íslands strendur. Viðurinn er óvarinn og með sýnilegar æðar, rétt eins og á manneskjum. Listarnir eru settir saman í geómetrísku mynstri sem minnir bæði á kristið krossform, en líka á krossa sem haka þarf í á endalausum eyðublöðum sem tengjast umsóknum um hæli. Krossformið er hengt á vegg í anddyri kirkjunnar með ákveðna fjarlægð frá fletinum, svo grillir í vægt ómandi endurvarp sterkappelsínugular húðar á bakhliðar þess, með tilvísun í litinn sem notast er við í neyð, svo sem í neyðarskýlum, -bátum og -vestum Björgunarsveita landsins. Krossarnir eru jafnmargir þeim sem vísað hefur verið úr landi til þessa. Á veggnum andspænis krossunum standa gegnheil form úr renndum viðarbolum, sem minnt geta á þanin móðurbrjóst, full af hlýju og kærleik. Viðurinn ber enn merki um börkinn sem verndar og umlykur mjúkt tréð, og formið er lífrænt og óreglulegt, sem vísar í persónuleg tengsl lífgefandi mjólkurgjafar móður til barns. Brjóst Maríu eru sjö talsins, tala sem hefur sterk tengsl við kristna táknfræði. Upp við þriðja veggflötinn hangir tvívið mynd af risastórum hjartavöðva sem skorinn hefur verið út í plastefni með sama neyðar-appelsínugula litinn og tifar í rýminu milli krossanna og veggjarins andspænis.

Innsetning Kristínar í Hallgrímskirkju er auðmjúk og fínleg, en jafnframt margræð, þar sem hún ávarpar þann aukna straum flóttamanna sem legið hefur að undanfögnu til Íslands, og þeirri miskunnarlausu ákörðun stjórnvalda að vísa meirihluta þeirra af hörku aftur úr landi.

Guja Dögg Hauksdóttir



REFUSAL

Kristín Reynisdóttir in the lobby of Hallgrímskirkja, 2018

In her work *Refusal*, which is now on display the lobby of Hallgrímskirkja, at the beginning of the old month of Góa, Kristín works with wood sourced from the lumber shed of a carpentry shop – thus symbolically referencing the existential status of refugees, who are left-over and surplus in their flight from war-torn regions of the world. The wood is used in the form of delicate, fragile laths of various types of timber – hardwood and soft, dark and light – which had roots and grew in different places in in varying conditions, to finish up on the distant shore of Iceland.

The wood is untreated, with visible veins – like a human being. The laths are assembled into a geometrical pattern which recalls the shape of the Christian cross, and also the crosses that must be checked on the endless application forms that must be filled out by applicants for asylum. The cruciform piece is hung on a wall in the church lobby, slightly away from the surface, giving a faint reflection of the bright orange coating on the reverse that references the colour of emergency: the orange-coloured shelters, lifeboats and lifevests of Iceland's search and rescue teams. The number of crosses in the work is equal to the number of refugees who have been deported from Iceland. On the opposite wall are solid forms made of turned logs, which are reminiscent of swelling maternal breasts, full of love and affection. The wood still shows traces of the bark which envelops and protects the soft interior of the tree; and the form is organic and irregular, evoking the personal bond entailed by the mother's life-sustaining breastfeeding of her child. Mary's Breasts are seven in number – a number which is strongly linked to Christian semiotics. Against the third wall hangs a two-dimensional image of a huge heart muscle, cut into sheet plastic in the same emergency-orange colour as resonates in the space between the crosses and the opposite wall.

Kristín's installation in Hallgrímskirkja is modest and delicate, and at the same time enigmatic, addressing the issue of the increasing flow of refugees to Iceland, and the merciless determination of the authorities to brutally expel most of them from the country.

Guja Dögg Hauksdóttir